

Íslenska matsfræðifélagið

Leiðbeiningar um innra mat skóla

Höfundar:

Sigurlína Davíðsdóttir

Auður Pálsdóttir

Björk Ólafsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Helga Dís Sigurðardóttir

Ólafur H. Jóhannsson

Sigríður Sigurðardóttir

Reykjavík 2011

Leiðbeiningar um innra mat skóla

© 2011 Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson, Sigríður Sigurðardóttir.

Heimilt er að ljósrita efnið

Birt á vef Íslenska matfræðifélagsins á vefslóðinni *eval.is*

Inngangur

Að frumkvæði Íslenska matsfræðifélagsins hafa nokkrir félagsmenn, undir ritstjórn Sigurlínu Davíðsdóttur, tekið saman þennan bækling sem hefur að geyma leiðbeiningar um innra mat skóla. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar þeim sem annast innra mat skóla, óháð skólastigum, en telja sig ekki hafa næga þekkingu og leikni til að vinna verkið eins vel og faglegur metnaður þeirra stendur til.

Öllum er heimilt að nýta efnið án nokkurra kvaða annarra en þeirrar að geta heimildar sé í kverið vitnað. Það er von félagsins að þessar leiðbeiningar komi að nokkru gagni í því innra mati sem öllum skólum er ætlað að sinna og miða að markvissu og árangursríku skólastarfi með hag nemenda að leiðarljósi.

Stjórn Íslenska matsfræðifélagsins

Efnisyfirlit

Bls.

INNGANGUR	3
EFNISYFIRLIT	5
INNRA MAT SKÓLA	6
NOKKUR ORÐ UM SIÐFRÆÐI	7
MATSFERLIÐ	8
MATSTEYMI MYNDAÐ	9
TEYMIÐ ÁKVÆÐUR MATSPÆTTI	9
MATSSPURNINGAR SETTAR FRAM	10
VIÐMIÐ ÁKVÆÐIN.....	11
GAGNA AFLAÐ	11
GÖGN GREIND OG NIÐURSTÖÐUR SETTAR FRAM: VEIKAR OG STERKAR HLIÐAR	12
UMBÓTAÁÆTLUN GERÐ OG FRAMKVÆMD	14
HVAÐ SVO?	14
HEIMILDIR	15
VIÐAUKI 1: VINNUBLÖÐ	16
MARKMIÐ MATSVERKEFNISINS	16
MATSSPURNINGAR	16
HVAÐA UPPLÝSINGAR ÞARF TIL AÐ SVARA SPURNINGUNUM OG HVAÐAN FÁST ÞÆR?	17
HVAÐA AÐFERÐIR ER BEST AÐ NOTA TIL AÐ AFLA GAGNANNA?.....	18
HVAÐA VIÐMIÐ VERÐA NOTUÐ VIÐ TÚLKUN GAGNANNA?.....	19
MATSÁÆTLUN	20
VIÐAUKI 2: TVÖ DÆMI UM MATSÁÆTLANIR	21
DÆMI UM MATSÁÆTLUN. MATSSVIÐ: SAMSTARF VIÐ FORELDRA	21
DÆMI UM MATSÁÆTLUN. MATSSVIÐ: LÍÐAN NEMENDA (MISMUNANDI GAGNAÖFLUN EFTIR ALDRI OG AÐSTÆÐUM)	22
VIÐAUKI 3: RAMMI FYRIR UMBÓTAÁÆTLUN	23
VIÐAUKI 4: TÍMAÁÆTLUN UM VIÐFANGSEFNI INNRA MATS	24

Töflu- og myndaskrá

MYND 1 MATSFERLIÐ	8
TAFLA 1 HUGSANLEG FRAMSETNING Á MATSSKÝRSLU EÐA GREINARGERÐ	13

Innra mat skóla

Lögum samkvæmt ber skólum skylda til að gera innra mat á starfi sínu. Þessu kveri er ætlað að aðstoða þá við það verk.

Markmið með innra mati getur verið margvíslegt, en hér verður gengið út frá því að aðalhlutverk þess sé að bæta skólastarfið og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra.

Til þess að bæta árangur í skólastarfi þarf ákveðin skilyrði. Grunnurinn að því að árangur náist byggist á þremur stoðum: upplýstri teymisvinnu um mikilvæg viðfangsefni; ákveðnum, mælanlegum markmiðum; og reglulegri öflun og greiningu gagna um frammistöðu (Schmoker, 1999). Teymisvinna hefur hins vegar ekki verið sterk hlið á íslensku skólastarfi og þegar við berum okkur saman við önnur Evrópulönd, kemur í ljós að við stöndum flestum þeirra langt að baki í þessum efnum (OECD, 2009). En þegar kemur að mati á skólastarfi er morgunljóst að til þess þarf teymisvinnu og með því rjúfa einangrun kennara. Spurning er hvort kennslureynsla tryggi betra skólastarf. Ekki skal því móti mælt að reynsla er mikilvæg, en þegar kemur að því að breyta kennsluháttum til að bæta árangur, getur verið að reynsla sé einmitt ekki besti kennarinn. Þarna stöndum við því frammi fyrir ýmiss konar hindrunum meðal kennara þegar kemur að því að innleiða matshugsun og flækist málið enn frekar þegar rætt er um árangur.

Ekki hefur verið einhugur um að meta árangur skólastarfs eingöngu út frá frammistöðu nemenda á prófum. Til eru margar fleiri leiðir en próf, enda hafa ekki öll skólastig próf sem mælikvarða á árangur eða framfarir. Skólinn getur sett sér hvaða markmið sem er á grundvelli námskrár og laga sem eru ekki minna virði en árangur á prófum. Mikilvægt er að meta bæði árangur og verklag, því að árangur getur einmitt gefið okkur gagnlegar upplýsingar um hvaða verklag skilar mestum ávinningi. Við megum heldur ekki gleyma því að við erum að leita að langtíma ávinningi, ekki bara skammtíma árangri. Þess vegna er nauðsynlegt að kennarar skilgreini vel hvað þeir telja vera árangur í skólastarfinu og finni síðan leiðir til að meta hann. Sú mæling ætti síðan að gefa upplýsingar um það verklag sem gefur bestan árangur.

Til eru mörg dæmi um að ráðist hafi verið í breytingar í skólastarfi eða innleiddar aðferðir sem ekki var ljóst hvort myndu skila þeim árangri sem stefnt var að. Markmiðin með breytingunum voru þá oft á tíðum ekki skýr, vandinn sem átti að leysa ógreindur og úrræði sem gripið var til því ekki takt við það sem raunverulega bæta þurfti.

Við mat á skólastarfi ætti að hafa langtímamarkmið í huga, og reyna að skilgreina áfangamarkmið á þeirri leið, þ.e. skammtímamarkmið sem ættu að leiða til betri langtímaárangurs. Við getum gert miklu betur en við gerum, en til þess þurfum við góðar aðferðir. Hægt er að setja sér markmið og ná þeim ef rétt er að farið. En til þess þarf að vita hvað skilar árangri og til þess þarf að meta skólastarfið.

Mikið lesefni er til um mat á skólastarfi, mest af því er þó á erlendum málum og jafnvel þar er ekki mikið um beinar leiðbeiningar til skólafólks um hvernig standa skal að mati. Nokkrar íslenskar bækur hafa verið skrifaðar til leiðbeiningar um mat á skólastarfi. Meðal þeirra eru: Grunnskólarýnir og Framhalds-Skólarýnir (Benedikt Sigurðarson, 2001), Mat á skólastarfi: Hvað og hvernig? (Gerður G. Óskarsdóttir, 1999), Glerverk (Glerverk, 2003), Gæðagreinar 2 (Gæðagreinar 2, 2010), Mat á skólastarfi: Handbók fyrir skóla (Steinunn Helga Lárusdóttir, 2002) og Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008).

Tilgangurinn með því að skólar meti eigið starf er tvenns konar. Annars vegar gegna skólar ábyrgðarhlutverki í þjóðfélaginu og fá til þess drjúgan skerf af því fé sem skattgreiðendur leggja fram. Vörslumenn þessa fjár, þ.e. ríkið og sveitarfélögin, vilja gjarnan geta fylgst með að fénu hafi verið vel varið og skólar bera ábyrgð á að sýna fram á það. En mat getur líka gegnt því hlutverki að styðja við innviði starfsins og aðstoða starfsfólk við að gera það betra, styrkja enn frekar þar sem vel tekst til og bæta úr annmörkum. Matið tryggir líka foreldrum að eftirfylgni sé með gæðum skólasterfsins, það verður gagnsærra. Foreldrar hafa betri möguleika á að fylgjast með skólasterfinu og þróun þess. Ávinninginn af þessu hlutverki mats skilgreina þau Hermann, Höfer og Weisker (2004) þannig:

- Kerfisbundin skólaþróun til að bæta námsárangur nemenda
- Kerfisbundin leið til að bæta skólastjórnunina
- Meiri sveigjanleiki og skilvirkni í faglegri þróun starfsfólks skóla, nýtingu bjarga, skipulagningu kennslu og náms og virkari þátttaka starfsfólks og nemenda í skólastarfinu
- Kerfisbundin uppbygging gæðaðróunar, gæðaeftirlits og ábyrgðar skólans.

Þetta eru stór loforð um ávinning og óvíst að allir séu sannfærðir um að þau haldi í framkvæmdinni. Í það minnsta hlýtur að skipta máli hvernig staðið er að matinu svo það standi undir þessum háleitu og eftirsóknarverðu markmiðum.

Nokkur orð um siðfræði


Mikilvægt er að huga að siðferðilegum þáttum þegar mat er annars vegar. Oft er erfitt að leggja mat á eigið starf og þess vegna hafa verið teknar saman ýmsar leiðbeiningar til þeirra sem meta. Meginkjarni þeirra snýst um virðingu fyrir þeim sem taka þátt í matinu eða eiga þar hagsmuna að gæta. Bandaríska matsfræðingafélagið (American Evaluation Association, 2004) gefur út leiðbeiningar til matsmanna og bendir á mikilvægi þess að:

- notaðar séu kerfisbundnar aðferðir til að afla gagna í matinu
- hugsanlegir gallar matsins séu hafðir í huga
- matið sé ævinlega unnið samkvæmt bestu samvisku
- matið sé bæði heilsteypt og heiðarlegt þannig að tekið sé tillit til hagsmunaárekstra
- niðurstöður séu túlkaðar hógværliga
- borin sé virðing fyrir öllum þeim sem koma að matinu
- mismunandi aðstæður fólks séu virtar
- borin sé ábyrgð á almennri velferð, bæði þátttakendanna og almennings.

Þeir sem koma að mati ættu ævinlega að vera meðvitaðir um að í matsverkefninu eiga persónur í hlut sem skylda er að umgangast af virðingu og gæta þess að lög um persónuvernd séu ekki brotin.

Matsferlið

Flestum finnst þægilegt að hafa ákveðið vinnuferli til að styðjast við þegar meta skal skólastarfið. Þetta ferli er hægt að setja upp sem hring með nokkrum þrepum eins og sýnt er á myndinni hér að neðan. Matsferlið er sett fram sem hringur til að leggja áherslu á að mat er samfelld ferli sem ekki lýkur í eitt skipti fyrir öll, heldur er það notað í sífellu ár eftir ár. Þegar búið er að meta einhverja þætti skólastarfsins og gera umbótaáætlun sem byggir á þeim niðurstöðum, þarf að meta hvernig til hefur tekist og svara fleiri spurningum sem vaknað hafa á matsferlinu. Þá þarf matsteymið að koma saman aftur eða nýtt teymi er myndað og hringurinn gengur í annað sinn. Ekki má heldur gleyma því að í skólastarfinu má oft grípa ýmis tækifæri sem koma óviðbúið upp í hendurnar á fólki og hægt er að nota til að styðja við innra mat. Áætlunin þarf að vera nægilega sveigjanleg til að geta mætt þessu.



Mynd 1. Matsferlið

Matsteymi myndað

Fyrsta þrepið í vinnuferlinu er að mynda matsteymi innan skólans. Þetta er hægt að gera með margskonar móti. Þó er hægt að setja fram nokkrar vinnureglur um hvernig farsælt er að hafa slíkt teymi. Í því mega ekki vera svo margir að ekkert verði úr verki og heldur ekki svo fáir að öll vinnan lendi á herðum örfárra. Æskilegur fjöldi í matsteymi gæti verið á bilinu 3-8 eftir stærð skóla. Næst er að athuga hverjir ættu að vera í teyminu. Þangað þarf að veljast fólk sem hefur áhuga á matinu eða er í það minnsta jákvætt í garð þeirrar vinnu. Þar þurfa að vera til staðar fulltrúar sem flestra deilda/starfsstöðva skólans. Einnig verður að vera þar einn skólastjórnandi. Yfirleitt finnst kennurum ekki þægilegt að sá aðili stjórnari teyminu, heldur ætti einhver kennarinn að taka það að sér. Fulltrúi stjórnenda getur hins vegar svarað ýmsum spurningum og verið hjálplegur við að útvega það sem til starfsins þarf, til dæmis afla tilskilinna leyfa. Nemendur og foreldrar ættu að eiga fulltrúa í teyminu og gæti til að mynda skólaráð farið þar með hlutverk.

Matsteymið getur skipt með sér verkum á ýmsan hátt. Í sumum skólum hefur verið farin sú leið að hver og einn sem þar á sæti myndar eigin vinnuhóp í sinni deild til að halda áfram með þá vinnu sem matsteymið leggur upp og koma svo með niðurstöðurnar aftur inn í matsteymið. Þetta er þó engin algild regla og hægt að hafa vali í matsteymið með margskonar móti. Í viðauka 1 er að finna eyðublöð sem matsteymið getur notað við vinnu sína í næstu þrepum.

Teymið ákveður matsþætti

Aldrei verður hægt að skoða allt skólastarfið í einu, hversu mikinn áhuga sem matsteymið hefði á því. Skólastarf er flókið og margþætt þannig að ekki er hægt að taka fyrir nema nokkra þætti í einu ef vel á að takast til. Mikilvægt er að byrja með hæfilega lítið umfang í upphafi á meðan kennarar/starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Nauðsynlegt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins á ákveðnu tímabili, t.d. 3-5 árum (sjá dæmi um matsáætlun í viðauka 3). Eftirfarandi listi gefur yfirlit yfir helstu þætti sem matið þarf að ná til þegar til lengri tíma er litið:

- Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat
- Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta
- Nám og námsárangur
- Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
- Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
- Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf
- Stjórnun
- Viðmót og menning skóla
- Aðbúnaður
- Samstarf heimila og skóla
- Ytri tengsl – önnur skólastig og nærsamfélagið
- Umbótaaðgerðir/þróunarstarf
- Ráðstöfun fjármagns, mannauðs, búnaðar, tíma

Matsteymið raðar matsþáttum á áætlunina og afmarkar með því þau matssvið sem taka á fyrir á hverju skólaári. Í upphafi hvers árs er áætlunin endurskoðuð og uppfærð eftir því sem þörf er á því

oft koma upp mál sem brýnt er að meta sem fyrst og þá er mikilvægt að matsáætlunin sé sveigjanleg. Sumir matsþættir eru metnir oft, kannski tvisvar til þrisvar á þriggja til fimm ára tímabili, aðrir e.t.v. ekki nema einu sinni. Nám og kennsla er þungamiðjan í skólastarfinu og því er mikilvægt að innra matið endurspegli það og þeir þættir séu metnir helst árlega með einhverjum hætti. Matsáætlunina þarf að endurskoða árlega og taka mið af því sem endurtaka þarf ásamt því sem bæta þarf við.

Í lögum og reglugerðum um innra mat skóla kemur fram að skólanámskráin sé grundvöllur sjálfsmatsins. Megintilgangur innra mats er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þegar matssvið eru ákveðin verður því að hafa í huga að öll markmið skólanámskrár séu metin með reglubundnum hætti. Starfsáætlun skólans og skólanámskráin eru leiðarljós í þessari vinnu.

Matsspurningar settar fram

Næsta skref er að setja fram matsspurningar. Þar er verið að afmarka það sem verið er að leita upplýsinga um. Hér er ekki verið að tala um hugsanlegar spurningar í spurningalista, heldur eins konar rannsóknarspurningar. Tökum dæmi. Ef ákveðið hefur verið að matssviðið sé stærðfræðikennslan í skólanum í framhaldi af breytingu á námskrá í stærðfræði, gætu matsspurningar litið út einhvern veginn svona:

- Eru markmiðin í skólanámskránni í samræmi við það sem kennurum og foreldrum finnst rétt?
- Eru markmiðin í skólanámskránni viðeigandi fyrir aldurstigin eins og þau eru sett fram?
- Hvernig gengur nemendum með mismunandi getu að ná markmiðunum?
- Hvernig gengur kennurum að tileinka sér nýja kennsluhætti í samræmi við skólanámskrá?
- Hver eru viðhorf nemenda og foreldra til stærðfræðikennslunnar?

Ekki er ráðlegt að leggja af stað með mjög margar rannsóknarspurningar. Hér eru settar fram fimm spurningar. Oft er ekki ráðlegt að hafa þær fleiri en þetta og reyndar gætu þær verið færri og samt væri hægt að fá fram mikilvægar upplýsingar.

Val á matsspurningum er eiginlega hjarta matsstarfsins og miklu skiptir að þar takist vel til. Þess vegna ætti matsteymið að gefa sér tíma í þetta ferli. Matsnálganir eru vel til þess fallnar að hafa til hliðsjónar þegar spurningar eru valdar. Efni um þær er til dæmis að finna í bókinni *Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði* (Sigurlína Davíðsdóttir, 2008). Vel hefur reynst að byrja á því að setja fram eins margar matsspurningar og fólki getur mögulega dottið í hug um það svið sem meta skal. Þá er einnig hugsanlegt að fá fram sjónarmið helstu hagsmunaaðila, svo sem starfsfólks, nemenda og foreldra. Þegar þeirri hugstormun er lokið, þarf að snúa sér að því að skera niður. Þá þarf að fara mjög gagnrýnið yfir þær spurningar sem fram eru komnar og velja úr þeim þær mikilvægustu. Oft er hægt að flokka saman nokkrar spurningar og búa til eina yfirsöfnun sem nær yfir allt efni fleiri spurninga. Gott er að hafa einhver viðmið við þetta val, sem gætu litið svona út:

1. Er hægt að svara spurningunni? _____
2. Er spurningin mikilvæg fyrir helstu hagsmunaaðila? _____
3. Gefur spurningin mikilvægar upplýsingar? _____

Þegar búið er að merkja við spurningarnar á slíkri töflu er einfaldara að skera niður.

Skólanámskráin er grundvöllur innra mats skólans. Með matinu er verið að fylgjast með hversu vel skólinn nái þeim markmiðum sem eru sett eru fram í skólanámskránni. Þess vegna er mikilvægt að markmið og stefna skólans komi skýrt fram í matsspurningunum, sérstaklega þau markmið sem tengjast viðfangsefnum matsins.

Viðmið ákveðin

Mat stendur því aðeins undir nafni að með því takist að ákvarða um gildi eða gæði þess sem meta skal. Í innra mati merkir það að ljóst þarf að vera hvaða upplýsingum er verið að leita eftir.

Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um innan skólans að telst góður. Ef sett eru viðmið í upphafi, verður mun auðveldara að túlka niðurstöðurnar. Þá er til dæmis hægt að velja viðmið fyrir einstakar matsspurningar. Ef við tökum aftur dæmið um stærðfræðikennslu í grunnskóla, gæti verið gott að afla í upphafi upplýsinga um hvað fundist hefur áður við sambærilegar aðstæður, eða að ákvarða í starfsmannahópnum hvað væri ásættanlegt viðmið. Ef við gefum okkur að ákveðið hafi verið að minnsta ásettanlega hlutfall ánægðra foreldra væri 75%, hvað myndi þá þýða að 70% foreldra væru ánægðir með kennsluna og árangur barna sinna í stærðfræði? Er það ásættanlegt sem vísbending um að foreldrar séu ánægðir? Miðað við það viðmið sem sett var í upphafi, er það ekki ásættanlegt og nauðsynlegt að grípa til aðgerða.

Þegar viðmið eru valin, þarf að vera ljóst að þau endurspegli markmið starfsins. Þau þurfa að snúa að einhverju leyti að því sem kennarar hafa stjórn á, ekki einungis einkunnum og vinnuframlagi nemenda þeirra. Þau þurfa líka að vera mælanleg á þann hátt að ekki verði misskilningur um hvað gögnin þýða. Hægt er að byggja viðmið á niðurstöðum prófa eða rannsókna sem fyrir liggja en stundum er verið að leggja mat á huglæga þætti þar sem viðmið eru gildisbundin. Í slíkum tilfellum þarf að móta viðmiðin í umræðum milli kennara/starfsfólks sem ákveða hvað sé eftirsóknarvert viðmið með hliðsjón af markmiðum skólanámskrár og stefnu skólans. Skapa þarf sameiginlegan skilning meðal kennara/starfsfólks á viðmiðunum og hvernig þau skuli birtast í skólastarfinu. Á þennan hátt eru búin til ákveðin viðmið um hegðun. Góð hugmynd getur verið að hagsmunaaðilar, svo sem starfsfólk, nemendur og foreldrar, taki þátt í að velja viðmiðin svo að ekki verði ágreiningur eftir á. Oft gerist það í umræðum um viðmið að endurorða þurfi matsspurninguna. Það er eðlilegt og oft nauðsynlegur þáttur í matsferlinu.

Gagna aflað

Þegar búið er að velja matsspurningar og viðmið til að skilja betur hvaða þýðingu svörin hafa, er komið að því að afla gagna. Þá þarf að fara fyrst í gegnum matsspurningarnar hverja fyrir sig og ákveða hvernig gögn myndu svara hverri þeirra. Enn er um að ræða gagnvirkt ferli, þannig að oft er búið að ræða heilmikið um gagnaöflun þegar viðmiðin eru valin eða matsspurningar ákveðnar, og enn getur verið að á þessu stigi þurfi að breyta matsspurningum eða viðmiðum. Gagna fyrir mat er

hægt að afla með margvíslegum hætti og engin ein aðferð er þar réttari en önnur, heldur fer það alfarið eftir matsspurningunum hvaða aðferð á best við. Dæmi um algengar gagnaöflunaraðferðir:

- Fyrirliggjandi gögn úr skólanum, t.d. mætingaskrár, einkunnir, veikindaskrár, skráning á virkni og þátttöku nemenda í hinum ýmsu verkefnum.
- Skjöl og skýrslur, opinber (mantal, viðveruskrár) og óopinber (fundargerðir, minnismiðar)
- Vettvangsathuganir (skoðað hvað gerist, t.d. í skólastofunni eða á leiksvæðinu)
- Kannanir, spurningalistar, vefkannanir
- Viðtöl, símaviðtöl
- Rýnihópar (viðtal við fleiri en einn í einu, t.d. 6-8 manns)
- Próf (skólapróf, samræmd próf)
- Annars konar mat (ferilmöppur, munnleg próf, tilraunir)

Gott skref á þessu stigi er að skipta ábyrgð meðal matsteymisins, þannig að hver og einn beri ábyrgð á ákveðnum þætti gagnaöflunar, gagnagreiningar, skýrslugerðar og gerð umbótaáætlunar. Einn gæti haft frumkvæði að því að búa til spurningalista, annar að undirbúa rýnihópa, þriðji gæti tekið að sér að vinna upp úr fyrirliggjandi gögnum, o.s.frv. Svona verkaskipting dregur úr líkum þess að einhver verkefni gleymist. Mikilvægt er að valin séu gild gögn sem skipta máli til að svara matsspurningunum á trúverðugan hátt.

Á einhverju stigi málsins þurfa kennarar að meta eigið starf. Þá þarf að gera þeim kleift að afla sér þekkingar til þess. Ávinningur gæti verið af því að fá sérfræðing í starfendarannsóknum og jafningjamatil til að vinna með kennurum. Starfendarannsóknir snerta það sem fer fram í kennslustofunni sjálfri eða námsumhverfinu sem unnið er í og komast því að kjarna málsins um skólastarf.

Gögn greind og niðurstöður settar fram: Veikar og sterkar hliðar

Þegar gagna hefur verið aflað, er næsta þrep að greina þau og túlka. Fyrst þarf að taka saman það sem komið hefur út úr hverri gagnaöflunaraðferð fyrir sig. Næst þarf að bera niðurstöðurnar saman við viðmiðin. Þá ætti að koma í ljós hverjar eru sterkar og veikar hliðar á því sviði skólastarfsins sem hér var metið. Þetta þarf síðan að taka saman og setja í einhvers konar skýrslu, greinargerð eða minnisblöð. Algengt er að slík skýrsla sé sett á vefsíðu skólans og kynnt fyrir helstu hagsmunaaðilum, svo sem skólastjórnendum, skólanefnd, kennurum og foreldrum. Þetta má gera með ýmsu móti, til dæmis væri hægt að birta glærusýningu sem væri útbúin vegna kynningar fyrir hagsmunaaðila.

Algengustu mistökin þegar gerð er grein fyrir niðurstöðum innra mats eru of miklar lýsingar og ekki nægileg greining og túlkun á niðurstöðunum. Gott er að hafa í huga að leitast við að hafa skýrsluna sjálfa stutta. Gera grein fyrir helstu niðurstöðum í skýrslunni og túlkun á þeim, en hafa niðurstöður í heild sinni í viðhengi fyrir þá sem hafa áhuga á að afla sér ítarlegri upplýsinga. Forðast skal langa og óuppbrotna textakafla, oft er hægt að brjóta upp texta með töflum, skýringarmyndum eða áherslupunktum. Gæta verður að siðferðilegum atriðum eins og nafnleynd.

Hugsanleg framsetning á skýrslu eða greinargerð um innra mat gæti verið eins og eftirfarandi tafla sýnir:

Tafla 1. Hugsanleg framsetning á matsskýrslu eða greinargerð

Kaflaheiti	Innihald
Inngangur	<ul style="list-style-type: none"> • Stutt umfjöllun um skólann – stefna hans, áherslur og markmið • Leggja áherslu á umfjöllun um þá þætti sem eru viðfangsefni innra mats • Hér er hægt að fjalla um hvernig unnið hefur verið að umbótum frá síðustu matsskýrslu og hverju hefur verið áorkað • Ennfremur er hægt að fjalla um ytri aðstæður skólans sem hafa áhrif á starfsemi hans og umbótamöguleika
Markmið og tilgangur matsins	<ul style="list-style-type: none"> • Vinnubrögð í matinu – s.s. fulltrúar í matsteymi, starfshættir teymisins og ábyrgð. • Viðfangsefni matsins, markmið og matsspurningar • Segja frá þeim viðmiðum sem notuð eru
Aðferðir og framkvæmd matsins	<ul style="list-style-type: none"> • Gera grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar eru til að safna gögnunum (s.s. spurningalistar, rýnihópar, viðtöl, fyrirbyggjandi gögn) og hvaðan gagnanna var aflað (frá foreldrum, nemendum, starfsfólki) • Fjalla um hvernig gagnaöflunin fór fram og hvernig skráningu og úrvinnslu var háttað.
Niðurstöður matsins	<ul style="list-style-type: none"> • Helstu niðurstöður innra mats – dæmi um færar leiðir: <ul style="list-style-type: none"> • Setja fram meginniðurstöður hversrar gagnaöflunarleiðar/-könnunar fyrir sig, eða • setja matsspurningu fram og draga saman þær niðurstöður sem veita svör við spurningunni. • Kynnið niðurstöður í heild sinni í viðauka skýrslunnar eða sem ítarefni á heimasíðu
Samantekt og ábendingar	<ul style="list-style-type: none"> • Niðurstöður dregnar saman og matsspurningum svarað í stuttu máli og borið saman við viðmiðin • Gott getur verið að hafa í huga eftirfarandi spurningar: <ul style="list-style-type: none"> • Hvaða árangri ætluðum við að ná – hver voru markmiðin og viðmiðin? • Hvaða árangri náðum við – hvernig stöndum við gagnvart markmiðunum/viðmiðunum? • Af hverju náðum við/náðum ekki þeim árangri sem við stefndum að? • Komu einhverjar niðurstöður á óvart? • Helstu styrkleikar og veikleikar dregnir fram
Umbótaáætlun	<ul style="list-style-type: none"> • Tillögur að umbótum og áætlun um hvernig á að vinna að þeim. • Áætlun um hvenær þær koma til framkvæmda og hver er ábyrgur fyrir þeim • Áætlun um hvort og hvenær umbætur verða endurmetnar • Tillögur að nauðsynlegri sí- og endurmenntun kennara
Viðaukar	<p>Geta innihaldið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nánari lýsingu • Sýnishorn af spurningalista eða viðtalsramma • Niðurstöður að hluta eða í heild sinni • Sýnishorn af vinnu

Umbótaáætlun gerð og framkvæmd

Þegar búið er að greina sterkar og veikar hliðar þess sviðs sem metið var, er næsta skref að gera umbótaáætlun. Þá þarf að huga að því að styrkja veikar hliðar í starfinu án þess að draga úr þeim styrkleikum sem í ljós komu. Komi í ljós að í skólanum vanti þekkingu og/eða færni á tilteknum sviðum verður sí- og endurmenntunaráætlun skólans að taka mið af því.

Til þess að árangur náist í þessu þrepi matsferlisins, þarf að gera áætlun um það sem gera þarf til að styrkja veiku hliðarnar. Eins þarf að vera ljóst hver ber ábyrgð á hverju þrepi vinnuferlisins svo að ekkert verði útundan. Þegar umbótaáætlunin er tilbúin þarf hún að komast í framkvæmd. Það er á ábyrgð matsteymisins að fylgja því eftir að svo verði. (Sjá dæmi um matsáætlanir í viðauka 2, ramma um umbótaáætlun í viðauka 3, og tímaáætlun um innra mat í viðauka 4).

Hvað svo?

Nú hefur matsteymi skólans farið í gegnum einn hring í matsferlinu og til er orðin umbótaáætlun sem byggir á gögnum sem fengust út úr formlegu matsferli. Sú umbótaáætlun hefur verið sett í framkvæmd í þeim tilgangi að styrkja veikar hliðar starfsins eða viðhalda því sem vel er gert. Hvað er svo næst? Er þá ekki búið að meta? Sannleikurinn er sá að þetta er aðeins upphafið. Næst þarf að skoða hvernig gengið hefur að starfa eftir umbótaráætluninni og að hvaða marki hún hefur skipt máli fyrir starfið, hvort veikar hliðar styrkist. Að því loknu þarf að afla gagna aftur til að skoða þetta. Þá þarf matsteymi skólans að koma saman aftur og fara annan hring. Nú verður það hins vegar örugglega auðveldara en í fyrsta sinn, nú þekkir fólk hvernig best er að bera sig að. Og nú er einnig hægt að fara að huga að næsta matssviði.

Í sumum skólum hefur hverri deild verið falið að gera eigin matsverkefni undir stjórn þess aðila úr matsteyminu sem kemur úr þeirri deild. Þá er matsferlishringurinn farinn eins og vanalega. Oftast starfar matsteymið áfram og gerir athuganir á sviðum sem skipta máli fyrir skólastarfið í heild, jafnvel þótt hver deild sé að gera eigin verkefni. Miklu máli skiptir að deila með helstu hagsmunaaðilum því sem matið skilar. Það gefur betri starfsanda og samvinnu í hópnum og stuðlar að því að betri samvinna fái.

Af þessu ætti að vera ljóst að í mati felast tækifæri fyrir skólafólk til að bæta eigið starf og árangur nemenda. Það hlýtur alltaf að vera markmiðið.

Heimildir

- American Evaluation Association (2004). *American Evaluation Association guidelines for evaluators*. Sótt af neti 8. júlí 2010 frá <http://www.eval.org/GPTraining/GP%20Training%20Final/gp.principles.pdf>
- Benedikt Sigurðarson. (2001). *Framhalds-Skólarýnir*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Benedikt Sigurðarson. (2001). *Grunnskólarýnir*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
- Brigham, S.E. (1994). „TQM: Lessons we can learn from industry.“ Í safnrítinu *Quality goes to school: Readings in Total Quality Management in Education*. Arlington, VA: American Association of School Administrators.
- Gerður G. Óskarsdóttir (1999). *Mat á skólastarfi: Hvað og hvernig?* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Glerverk*. (2003). Akureyri: Glerárskóli.
- Gæðagreinar 2. (2010). *Sjálfsmat skóla*. Skagafjörður: Skólaskrifstofa Skagfirðinga.
- Herrmann, J., Höfer, C., og Weisker, K. (2004). *Handbuch zur basisqualifizierung von schulischen beraterinnen und beratern für evaluation*. Gütersloh, Þýskalandi: Selbständige Schule.
- OECD. (2009). *Creating effective teaching and learning environments: First results from TALIS*. Útgefið af Organization for Economic Cooperation and Development.
- Schmoker, M. (1999). *Results: The key to continuous school improvement*. Alexandria, VA: Association for Supervision and Curriculum Development.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2008). *Mat á skólastarfi: Handbók um matsfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.
- Steinunn Helga Lárusdóttir. (2002). *Mat á skólastarfi: Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Viðauki 1: VINNUBLÖÐ

Markmið matsverkefnisins

1. Lýstu greinilega því sem matið beinist að. Hvers vegna viltu meta þetta svið eða þennan þátt?

Matsspurningar

Þegar þú veltir fyrir þér markmiði matsins, hverjar eru þá mikilvægustu matsspurningarnar sem spyrja þarf. Búðu til lista yfir 4-6 spurningar, sem eru sértækar, vel skilgreindar og tengjast markmiðum sem líklegt er að starfsemin beinist að.

1.

2.

3.

4.

5.

6.

Hvaða upplýsingar þarf til að svara spurningunum og hvaðan fást þær?

1. sp.

-

-

-

2. sp.

-

-

-

-

3. sp.

-

-

-

-

4. sp.

-

-

-

-

5. sp.

-

-

-

-

6. sp.

-

-

-

-

Hvaða aðferðir er best að nota til að afla gagnanna?

1. sp.

2. sp.

3. sp.

4. sp.

5. sp.

6. sp.

Hvaða viðmið verða notuð við túlkun gagnanna?

1. sp.

2. sp.

3. sp.

4. sp.

5. sp.

6. sp.

Matsáætlun

Matsspurningar	Upplýsingar	Hvaðan fást þær?	Aðferð til öflunar	Hver safnar	Aðstæður	Hvenær	Greining	Túlkun - viðmið	Skýrsla

Viðauki 2: Tvö dæmi um matsáætlanir

Dæmi um matsáætlun. Matssvið: Samstarf við foreldra

Matsspurningar	Upplýsingar	Hvaðan fást þær?	Aðferð til öflunar	Hver safnar	Aðstæður	Hvenær	Greining	Túlkun - viðmið	Skýrsla
Hvert er viðhorf foreldra til upplýsingastreymis frá skóla/leikskóla?	Viðhorf foreldra	Foreldrum	Spurningalisti	Mats-teymi	Netkönnun eftir foreldra-viðtal	Febrúar - mars	Töluleg greining	Ánægðir 90% gott 85-90% starfhæft <85% aðgerðir	Mats-teymi
Hvert er viðhorf foreldra til upplýsingastreymis frá umsjónarkennara/leikskólakennara	Viðhorf foreldra	Foreldrum	Spurningalisti	Mats-teymi	Netkönnun eftir foreldra-viðtal	Febrúar - mars	Töluleg greining	Ánægðir 90% gott 85-90% starfhæft <85% aðgerðir	Mats-teymi
Hvert er viðhorf kennara til samstarfs við foreldra	Viðhorf kennara	Kennurum	Rýnihópar eða spurningalisti	Mats-teymi	Kennara-stofa – starfsmannafundur Netkönnun	Apríl (nota gögn úr sp. 1, 2 og 5)	Saman-tekt eða töluleg greining	Veikar og sterkar hliðar samstarfs	Mats-teymi

Dæmi um matsáætlun. Matssvið: Líðan nemenda (mismunandi gagnaöflun eftir aldri og aðstæðum)

Matsspurningar	Upplýsingar	Hvaðan fást þær?	Aðferð til öflunar	Hver safnar	Aðstæður	Hvenær	Greining	Túlkun - viðmið	Skýrsla
Hvernig líður börnunum í daglegu skólastarfi?	Viðhorf foreldra ungra barna Nemenda	Frá foreldrum og /eða nemendum	Spurningalisti Viðtöl	Mats-teymi	Netkönnun Viðtöl Spurningar til nemenda	Okt. - nóv	Töluleg greining eða samantekt	Líður vel >90%	Mats-teymi
Hvernig líður börnunum í frímínútum/á leiksvæði?	Viðhorf foreldra ungra barna Nemenda	Frá foreldrum og /eða nemendum	Rýnihópar	Mats-teymi	Rýnihópar í bekkjum	Okt. - nóv	Kóðun í þemu, greining	Líður vel >90%	Mats-teymi
Hvernig líður börnunum í leikfimi?	Viðhorf nemenda (Foreldra)	Frá nemendum (foreldrum)	Umræður	Mats-teymi	Umræður í bekkjum	Okt. - nóv	Samantekt	Líður vel >90%	Mats-teymi
Hvernig líður börnunum í skólabílum?	Viðhorf nemenda (Foreldra)	Frá nemendum (foreldrum)	Ræða í lífsleikni	Mats-teymi	Tímar í lífsleikni	Okt. - nóv	Samantekt	Líður vel >90%	Mats-teymi

Viðauki 3: Rammi fyrir umbótaáætlun

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um umbætur	Hvenær endurmetið?

Viðauki 4: Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats

Viðfangsefni sjálfsmats	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015	2015-2016
Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat					
Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur					
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					
Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska					
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf					
Stjórnun					
Viðmót og menning skóla					
Aðbúnaður					
Samstarf heimila og skóla					
Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið					
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf					
Ráðstöfun auðlinda					

